

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar – síðari umræða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera breytingu á 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sem fjallar um kosningu í ráð.

Greinin hljómar svo:

63. gr.
Kosning í ráð.

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Sjö menn í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í stafrænt ráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn og fyrstu varamanna hvers framboðslista. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn.

Greinin verður svohljóðandi:

63. gr.
Kosning í ráð.

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. Til fjögurra ára:

~~Sjö menn í menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.~~

1. Sjö menn í íþrótt- og útilífsráð og sjö til vara. Formannskjör
2. Sjö menn í leikskóla- og daggæsluráð og sjö til vara. Formannskjör
3. Sjö menn í mannréttindaráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í menningarráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
- ~~6. Sjö menn í stafrænt ráð og sjö til vara. Formannskjör.~~
6. Sjö menn í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
7. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn eða öðrum frambjóðendum framboðslista sem náðu kjöri til borgarstjórnar.